

REGLUGERÐ

um veiðar íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til veiða íslenskra skipa á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum í fiskveiðilandhelgi Íslands, fiskveiðilögsögu Færeyja, á veiðistjórnunarsvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) og í lögsögu Svalbarða.

Við veiðar í lögsögu Færeyja skal farið að reglum sem færeysk stjórnvöld setja um veiðarnar. Í lögsögu Svalbarða skal farið að reglum sem norsk stjórnvöld setja um veiðarnar, enda séu þær settar á grundvelli samningsins um Svalbarða frá 9. febrúar 1920 og í samræmi við ákvæði hans.

2. gr.

Aflamark.

Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda veiðar á norsk-íslenskri síld, sem hafa aflamark í norsk-íslenskri síld samkvæmt reglugerð um veiðar í atvinnuskyni.

Heimilt er hverju skipi að veiða allt að 5% umfram aflamark í norsk-íslenskri síld á viðkomandi almanaksári og dregst sá umframaflí frá aflamarki þess á næsta almanaksári. Þá er heimilt að flytja allt að 10% af ónýttu aflamarki fiskiskips frá viðkomandi almanaksári til næsta almanaksárs. Flutningsheimildir samkvæmt þessari grein eiga einnig við um aflaheimildir sem skip fá úthlutað af aflamagni sem dregið er frá upphaflegri úthlutun.

Við veiðar á norsk-íslenskri síld í færeyskri efnahagslögsögu má meðafli makríls ekki fara yfir 30% af síldarafla í hverri veiðiferð. Heildarmakrílaflí íslenskra skipa í færeyskri efnahagslögsögu skal ekki fara yfir 1.300 tonn. Fiskistofa fylgist með afla þessum og tilkynnir ráðuneytinu hvenær líklegt megi telja að aflanum verði náð og tilkynnir ráðuneytið frá hvaða tíma óheimilt er að veiða makríl sem meðafla.

3. gr.

Sýnataka.

Sýni af norsk-íslenskri síld skulu tekin úr afla, a.m.k. eitt í hverri veiðiferð og skal skrá sýnatökuna í afladagbók skipsins. Í hverju sýni skulu vera a.m.k. 50 stykki af norsk-íslenskri síld sem valin eru af handahófi. Sýnin skulu fryst um borð, rækilega merkt (staður, dagsetning og dýpi) og send Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, í Hafnarfirði eða útibúum stofnunarinnar að lokinni veiðiferð.

4. gr.

Búnaður.

Skipum sem stunda veiðar á norsk-íslenskri síld er óheimilt að vera með þannig útbúnað að mögulegt sé að dæla úr tönkum skips undir yfirborði sjávar.

5. gr.

Fjarskiptabúnaður.

Fiskiskip sem stunda veiðar á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) skulu búnin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða viðkomandi skips á klukkustundar fresti, með sjálfvirkum hætti, til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu, hér eftir nefnd eftirlitsstöðin, sem miðlar gögnum til hlutaðeigandi stofnana.

Óheimilt er að halda til veiða fyrr en starfsmenn eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest að fjarskiptabúnaður starfi eðlilega. Skulu sendingar samkvæmt framangreindu hefjast þegar viðkomandi skip lætur úr höfn og skal þeim ekki ljúka fyrr en skipið kemur til hafnar að nýju til löndunar afla.

Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga bilar skal gert við hann svo fljótt sem mögulegt er, þó eigi síðar en að 30 dögum liðnum. Þar til búnaðurinn verður kominn í lag skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu skipsins á a.m.k. 4 klukkustunda fresti til eftirlitsstöðvarinnar.

6. gr.

Tilkynningar.

Um tilkynningar varðandi síldveiðar skv. þessari reglugerð, bæði innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og á alþjóðlegu hafsvæði, gilda ákvæði reglugerðar um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

Um tilkynningar varðandi veiðar innan fiskveiðilögsögu Færeyja fer samkvæmt reglum sem færeysk stjórnvöld setja.

Um tilkynningar varðandi veiðar í lögsögu Svalbarða fer samkvæmt reglum sem norsk stjórnvöld setja enda séu þær settar á grundvelli samningsins um Svalbarða frá 9. febrúar 1920 og í samræmi við ákvæði hans.

Eftir að skip hættir veiðum og í síðasta lagi fjórum klukkustundum áður en áætlað er að það komi til hafnar skal skipstjóri senda Fiskistofu tilkynningu á því formi sem Fiskistofa ákveður um áætlaðan afla skipsins, fyrirhugaðan löndunarstað og fyrirhugaðan löndunartíma. Heimilt er að víkja frá lágmarkstíma t.d. ef fjarlægð milli fiskimiða og löndunarhafnar gefur tilefni til þess, enda sé þá tilkynning send um leið og veiðum er hætt.

7. gr.

Löndun og vigtun.

Síldarafla skal landað og hann veginn í íslenskri höfn. Um vigtun á norsk-íslenskum síldarafla gilda ákvæði reglugerðar um vigtun sjávarafla þó þannig að draga skal frá 2% af afla hvers skips vegna vatnsinnihalds í síld miðað við afla upp úr sjó fari afli til manneldis og reiknast það magn ekki til aflaheimilda þess.

Heimilt er þó með leyfi Fiskistofu að landa síldarafla og síldarafurðum í höfnum erlendis enda sé tryggt að eftirlit með vigtun aflans sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Jafnframt er heimilt að fengnu leyfi Fiskistofu að landa óvigtaðri síld um borð í vinnsluskip og flutningaskip, enda sé aflanum landað í íslenskri höfn og tryggt að skráning og vigtun sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Sækja skal um leyfi til löndunar síldar utan íslenskra hafna til Fiskistofu og skal skipstjóri í umsókn tilgreina nákvæmlega hvar hann hyggst landa aflanum og áætlað magn síldar. Áætli skip komu til hafnar samningsaðila NEAFC með afla af samningssvæði NEAFC, hvort heldur til löndunar, umskipunar eða til að leita þjónustu að öðru leyti, skal tilkynna þar til bæru yfirvaldi í viðkomandi ríki um komu skips til hafnar innan tiltekins frests sem ákveðinn er af hafnarríkinu í samræmi við reglur NEAFC um hafnarrikiseftirlit og framkvæmd þess. Tilkynningar skal senda með rafrænum hætti á heimasíðu NEAFC, (<https://psc.neafc.org>).

Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri veiðiskips senda Fiskistofu endanlegar tölur um landaðan afla og aflaverðmæti, staðfestar af móttakanda síldarinnar eða staðfest afrit af vigtarnótu, liggi það fyrir.

Heimilt er að miðla norsk-íslenskum síldarafla úr veiðarfærum skips á síldveiðum til annars skips með leyfi til síldveiða.

Landi skip frystum afurðum utan Íslands skal tilkynna um það í samræmi við ákvæði 5. kafla reglna Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) um fiskveiðieftirlit og framkvæmd þess.

8. gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

9. gr.

Lagaheimild og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 8., 11. og 16. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, 8., 9. og 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 2., 9. og 30. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og 3., 4., 6.-8., 18. og 19. gr. laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 1604/2022 um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2023.

Matvælaráðuneytinu, 18. janúar 2024.

Svandís Svavarsdóttir.

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.